

# Stjórnarfundur Íslenska safnaðarins í Noregi

## Formaður setur fundinn og prestur fer með bæn

<b>Dagskrá og fundargerð 18. september 2017 kl. 17:00</b>	
Fundarritari	Jónína M Arnórsdóttir og Björn Hallbeck (Guðrún Elín Svansdóttir)
Mættir	Björn Hallbeck, Jónína M Arnórsdóttir, Guðbjörg Edda Árnadóttir, Guðrún Elín Svansdóttir, Snorri Ásgeirsson, Kristján Daðason, Ólafur Ragnar Pálsson, Sr Ragnheiður Karitas Pétursdóttir, Sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir.
	<b>Samþykkt á fundargerðum</b>
	Upplýsingar: Fundargerð frá ágúst ekki enn tilbúin. Ólafur biður um greinargerð frá sáttarfundum, en ekki farið í það fyrr en greinargerð frá sáttamiðlara er fullunnin.
	Samþykkt: Fundargerð frá 13. júní samþykkt.
	<b>Staða hjá fylkismanni og Consort</b>
	Upplýsingar: -Consort er búin að fá tilskyld leyfi og nöfn, áætla að fara í gang í byrjun nóvember, en geta kannski flýtt því. Sænska kirkjan hefur fengið um 13000 skráða (um 60% heimtur). Ef hætt verður að nota Consort eftir að verkið er hafið, munu þau einungis taka greitt fyrir unnin störf. Vinnan mun taka u.þ.b. 3 mánuði, og taka ca 300.000 NOK fyrir vinnuna. Úthringing í hvern og einn. Ath með sms til þeirra sem ekki svara. Íslendingar starfa við úthringingar. -Lögfræðingur hefur upplýst að norsk stjórnvöld beina sínum augum aðallega að tengslum safnaða við móðurkirkjur, til að koma í veg fyrir uppsprettu nýrra smátrúfélaga. Sr. Ragnheiður gefur honum upplýsingar sem varðar tengsl safnaðarins við Þjóðkirkjuna á Íslandi. Söfnuðurinn er sjálfstæð eining, með sjálfstæð fjármál. Spurningar lögfræðings og svör sr. Ragnheiðar verða ljósrituð og höfð á skrifstofunni. -Tregða hjá fylkismanni að svara. Styrkleiki okkar er að vera tengd Þjóðkirkjunni og hluti af móðurkirkjunni. Hugsanlega verður gerð stjórnarskrárbreyting í Noregi varðandi söfnuði.
	Samþykkt:

	<p>-Upplýsingar frá lögfræðingi og Consort um framvindu mála ber að senda stjórnarmönnum.</p> <p>-Setja tilkynningu í næsta fréttablað, á heimasíðu og facebook um þessar úthringingar.</p> <p><b>Sérstaklega fært til bókar</b>  Ragnheiður biður Guðrúnu Elínu ritara um að skrá athugasemd Snorra um að vísa á bug ummælum Ragnheiðar um kurteisi og að fá sér hvíld og kaffi, eftir að hafa gripið fram í fyrir Sr. Ragnheiðar við umfjöllun um inn og útskráningar, og tengsl við kirkjuna á Íslandi, Danmörku.</p>
	<p><b>Fermingar og safnaðarstarf</b></p> <p>Upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Ekki farið til Svíþjóðar, ekki ósk um samstarf vegna of margra fermingarbarna héðan.</li> <li>-Stungið er upp á ferð til Norefjell í staðinn 22.-24. október, 10 kennslustundir, foreldrar fermingarbarna (ca 25 stk) koma líka með sem og ungleiðtogar. Fermingarbörn frá ca. 10 stöðum á landinu.</li> <li>- Facebook gruppa fermingabarna tilbúin.</li> <li>-Sunnudagaskólar eru í hvíld úti á landi, æskulýðsstarf í Stavanger lagt niður vegna niðurskurðar. Gengur vel í Sandefjord og Kristiansand. Bergen: mælst til að þau fái betur borgað annars verður þetta líka lagt niður þar.</li> <li>- Lagt til að framreikna mögulegar tekjur og greiða eitthvað meira til sunnudaga skólanna sem því nemur.</li> <li>-Eldriborgarar farnir að hittast. Lagt til að sækja skriflega um styrk fyrir eldriborgara vegna t.d. leikhúsferðar. Bent á að hlutverk eldriborgaranna sé mikilvægt.</li> </ul> <p>Samþykkt:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Að fara með fermingarbörnin á námskeið í Íslendingahúsinu við Norefjell.</li> <li>-Bíða verður aðeins með að skoða hversu mikið er hægt að leggja fram í hina ýmsu málaflokka, s.s. Sunnudagaskóla þar til að við sjáum hversu margir munu verða í söfnuðinum á áramótum.</li> </ul>
	<p><b>Staða skrifstofu</b></p> <p>Upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Inga og prestur búin að skila inn því bókhaldi sem hún hefur yfiráð með.</li> <li>-Búið að sækja um virðisaukaskattinn 1. september, ca. Kr. 397.000.</li> <li>-Inga borgar reikninga og tveir aðrir þurfa að samþykkja þá.</li> <li>-Undirbúningur fyrir aðventu og jól.</li> </ul> <p>Samþykkt:</p>

	<p>-Jólanammi: ákveðið að bíða með ákvörðun þar til rauntölur liggja fyrir. -Jólagjafir og kort; engar gjafir bara kort.</p>
	<p><b>Fjárhagsmál</b></p> <p>Upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Niðurskurður byggir á fjárhagsáætlun sem fyrri stjórn ákvað. Lagt til að gera ekki breytingar á útgjöldum fram að áramótum og sjá svo til.</li> <li>-Ósk frá Ólafi að vita hvað söfnuðurinn sparar á þessum niðurskurði. Spurt eftir hvað sé til af rekstrarfé og aðrar rauntölur.</li> <li>-Sparnaður við að fermingarbörnin fara ekki til Svíþjóðar.</li> <li>-Afrakstur Consort fer ekki að skila sér inn fyrr en í júní 2018, og dreifir úr sér út yfir árið.</li> <li>-Stjórnarkostnaður farin yfir áætlun samkvæmt september áætlun (aðalfundur, fyrri stjórn, ofl). Snorra þykir ekki nauðsynlegt að greiða fyrir fundasetu.</li> <li>-Liður „prestetjenester“ líka yfir áætlun.</li> <li>-Skýrt frá því hvernig fjármálin verði gerð meira gegnsæ með ráðleggingum frá Roy, bókara safnaðarins. Farið í gegnum tvo liði.</li> <li>-Ólafur (og Snorri tekur undir) er ósamþykkur því að prestur, formaður og gjaldkeri geti haldið fund með bókara um málefni safnaðarins nema með samþykki meirihluta stjórnarinnar. Og að það megi túlka sem leynifundi og öðrum stjórnarmönnum haldið utanvið. Tilgangur fundarins með Roy, var að fara gegnum reikninga og kvittanir m.a. til þess að tryggja að réttir lykjar séu notaðir. Leiðir reknar á þeim fundi til þess að ekki verði nein vandamál í framtíðinni.</li> <li>-Niðurskurður hjá kórum: erfitt hjá kórum að sætta sig við niðurskurðinn. Óttast um flóttu úr kórnum. Sóknarprestur segist þurfa kór í allar 10-12 messur safnaðarins og að mikilvægi kórsins teygji sig út í samfélag Íslendinga í Noregi.</li> <li>-Kirkjukaffi. Íslendingafélagið mjög ósátt. Athugaþarf með ýmsar aðrar leiðir, t.d. hvort eldrborgarar geti tekið að sér aðventuhátíðarkaffi og fái greitt fyrir það.</li> <li>-Hversu mikið er hægt að spara á því að hætta að prenta út og póstsenda fréttabréf safnaðarins og hafa það einungis á rafrænu formi?</li> </ul> <p>Samþykkt:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Tillaga um lækkun um 25% lækkun til kóra í stað 50%, og 10-12 messur á ári einróma samþykkt.</li> <li>-Guðbjörg athugar með Roy hvað það er sem liggur að baki háum kostnaði við prestetjenester .</li> <li>-Snorri ræðir við eldriborgara um hvort þeir séu tilbúnir að taka að sér kaffið á aðventuhátíðinni.</li> </ul>

	<p>-Inga skoðar hvað það geti sparast mikið að hafa fréttabréfið á tölvutæku formi.</p>
	<p><b>Önnur mál</b></p> <p>a) Starfsmannamál, undanþegin opinberri birtingu.</p> <p>b) Skipurit fengið frá Sr. Örnunni, myndrænt form skipurits, og því dreift til fundarmanna sem og hugmynd að skipuriti frá Kristni Á. Friðfinnssyni. Mælt til þess að fundarmenn taki með sér þessi skipurit og geri upp sína meiningu á næsta fundi.</p> <p>c) Listanefnd:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Það þarf að útnefna fulltrúa stjórnar í listanefnd. Stungið upp á Margréti Backman í Stavanger. Ragnheiður hefur samband við hana.</li> <li>-Listanefnd hefur séð um skipulagningu Ólafíu- og aðventuhátíðar. Ætlar að fá til liðs við sig listafólk sem býr í Noregi.</li> </ul> <p>d) Lokun Ólafíustofu:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-Var skyndiákvörðun til þess að vernda starfsfólk á erfiðum tímum. Gert í góðri trú þó það hafi kannski ekki verið stjórnfarslega rétt.</li> <li>-Arbeidstilsynet fannst þessi aðgerð réttlæt看leg; hluti af vinnuverd á vinnustað.</li> <li>-Opnun Ólafíustofu var auglýst. Kristján áréttar að formaðurinn beri ábyrgð á þessu. Formaður tekur á sig sök ef það er sakhæf aðgerð að samþykkja lokunina og að upplýsingarflæðið var ekki nægilega gott.</li> </ul>

**Fundi slitið kl. 21:00**